

Sp. 945. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna.

Frá Ingólfi Jónssyni og Sigurði Bjarnasyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna dragist ekki eins lengi og nú á sér stað, enda telur Alþingi óverjandi það ástand, sem nú er í þessu efni.

Greinargerð.

Það er ekki ásökun á endurskoðendur ríkisreikninganna, þótt tillaga þessi sé flutt. Flm. telja vist, að þeir vinni að endurskoðuninni, þegar ríkisbókhaldið hefur skilað af sér. Má því ætla, að dráttur sá, sem verið hefur á framkvæmd endurskoðunar ríkisreikninganna, stafi af því, að endurskoðendurnir fái ekki fylgiskjölín svo fljótt sem nauðsyn krefur.

Það er augljóst mál, að það er ósæmlegt að draga endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna eins lengi og nú á sér stað.

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1941 var lagður fram á Alþingi núna eftir áramótin og samþykktur fyrir nokkrum dögum. Ríkisreikningarnir frá árunum 1942, 1943 og 1944 eru því enn að mestu leyti óendurskoðaðir og ósamþykktir af Alþingi. Það mundi ekki vera þolað í neinu fyrirtæki, sem hefur umsvifamikinn rekstur, að draga svo lengi endurskoðun og samþykkt rekstrar- og efnahagsreikninganna sem nú á sér stað um ríkisreikningana.

Alþingismenn verða að gera kröfu til þess, að ríkið, sem hefur umsvifameiri rekstur og hærri reikninga en nokkurt fyrirtæki í landinu, láti það sleifarlag ekki lengur líðast, sem nú virðist vera í þessu efni.

Það hefði verið sæmlegt, að Alþingi hefði haft ríkisreikninginn fyrir árið 1943 til umræðu á þessu þingi, en ekki reikninginn frá árinu 1941. Það má því fullyrða, að endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna sé tveimur árum á eftir því, sem má teljast viðunandi.

Það er von flutningsmanna, að ríkisstjórnin vinni að því að færa í lag það, sem hér hefur verið rætt um, eftir að Alþingi hefur sýnt vilja sinn með því að samþykkja þessa tillögu.